

Til Borgarráðs Reykjavíkur.

Reykjavík 1. mars 2016

Þann 16. febrúar sl. gerðu Félag íslenskra hljómlistarmanna og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér nýjan kjarasamning um störf tónlistarkennara í tónlistarskólum landsins. Gildistími þessa samnings er frá 1. ágúst 2015 til 31. mars 2019. Sambærilegur samningur fyrir Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum er væntanlegur. Þess ber að geta að fulltrúi Reykjavíkurborgar á sæti í samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga.


Það er ljóst að launahækkanir þeirra kennara sem fá greidd laun samkvæmt þessum samningi eru verulegar og munu auka enn á vandræði þeirra skóla í Reykjavík sem flesta nemendur hafa á mið- og framhaldsstigi í söng og framhaldsstigi í hljóðfæraleik, ef ekki fylgja samningnum framlög vegna hækkana á launum kennara fyrir kennslu á öllum stigum. Eftir síðustu kjarasamninga varð raunin sú hér í Reykjavík að engin aukning varð á framlögum til kennslu á mið- og framhaldsstigi í söng og framhaldsstigi í hljóðfæraleik þó samið væri um launahækkanir fyrir kennslu á öllum stigum.

Stjórn STÍR (Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík) vill beina þeirri spurningu til Borgarráðs hvort Reykjavíkurborg hafi í hyggju að uppfylla þennan kjarasamning, sem borgin er aðili að, hvað varðar launahækkanir til þeirra kennara sem kenna nemendum á mið- og framhaldsstigi í söng og framhaldsstigi í hljóðfæraleik. Það er alveg ljóst að ef ekki kemur til aukið framlag, umfram það sem ríkið leggur til þessa málaflokks í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, mun þessi kennsla leggjast af í höfuðborginni.

Það er óumdeilt að sveitarfélög bera ábyrgð á allri tónlistarmenntun upp að háskólastigi. Að gefnu tilefni spyr stjórn STÍR hvort það sé stefna Reykjavíkurborgar að þessi kennsla verði í nánustu framtíð aflögð í Reykjavík? Ef ekki, hver er þá stefna borgarinnar varðandi framhaldsmenntun í tónlist í Reykjavík?

Æskilegt væri að þessi fyrirspurn yrði tekin fyrir á fundi Borgarráðs 3. mars nk.

Með kveðju fyrir hönd stjórnar STÍR


Þórunn Guðmundsdóttir, formaður


Sigurður Flosason


Gunnar Guðbjörnsson



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa

Málsnr.: R16020248
Skjalasafn Ráðhúss
07. mars 2016
Bréfalykill: 13310

R16020248
7. mars 2016

Umsögn

Efni: Bréf STÍR Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík dags. 1. mars 2016

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármálastjóri

Fyrir borgarráði liggur bréf STÍR Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík dags. 1. mars 2016, þar sem fjallað er áhrif nýgerðs kjarasamnings á milli Félags íslenskra hljómlistarmanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í bréfinu er þeirri spurningu beint til borgarráðs „hvort Reykjavíkurborg hafi í hyggju að uppfyllan þennan kjarasamning, sem borgin er aðili að, hvað varðar launahækkanir til þeirra kennara sem kenna nemendum á mið- og framhaldsstigi í söng og framhaldsstigi í hljóðfæraleik.“

Reykjavíkurborg er ekki vinnuveitandi starfsmanna einstakra tónlistarskóla og ber þannig ekki ábyrgð á starfskjörum starfsmanna skólanna. Hins vegar er Reykjavíkurborg í samningssambandi við einstaka tónlistarskóla í gegnum þjónustusamninga vegna reykvískra nemenda í grunn- og miðnámi í hljóðfæraleik og grunnnámi í söng. Í þessum samningum er fjallað um hvernig tekið skuli á málum vegna endurskoðunar kjarasamninga tónlistarskólakennara.

Með samkomulaginu um eflingu tónlistarnáms frá 13. maí 2011 tók íslenska ríkið á sig skyldu um að greiða árlegt framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem ætlað var að standa straum af kennslukostnaði í tónlistarskólum vegna hljóðfæranáms á framhaldsstigi og söngnáms á mið og framhaldsstigi og tengdum kostnaði. Lögum nr. 75/1985 var í kjölfarið breytt til bráðabirgða framangreindu til staðfestingar. Með samkomulaginu voru tryggðir fjármunir á landsvísu vegna nemenda í grunn- og miðnámi í söng og framhaldsnámi í hljóðfæraleik. Kemur Reykjavíkurborg að þeirri fjármögnun með því að taka að sér hlutdeild í skilgreindum verkefnum ríkisins og með aukaframlögum sem borgarstjórn hefur samþykkt. Jöfnunarsjóður skiptir þeim fjármunum sem koma frá ríkinu eftir reglum sem hann setur. Aðkoma og ábyrgð borgarinnar á fjármögnun þessa náms afmarkast við ákveðnar fjárhæðir sem samþykktar eru í fjárhagsáætlun borgarinnar líkt og framlög ríkisins til þessa verkefnis. Í niðurstöðu héraðsdóms nýverið í máli Tónlistarskólans í Reykjavík gegn Reykjavíkurborg er þessi ákvörðun og fjárstjórnarvald borgarstjórnar ekki véfengt.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri